

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum frá 17. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 15. apríl 1997.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu nr. 68/1996.

1. gr.

11. gr. verði svohljóðandi:

Fyrir meðferð á glasafrjógunardeild Landspítalans skal greiða sem hér segir:

1.	Par sem ekki á barn saman:	<i>Glasafrjógun (IVF)</i>	<i>Smásjárfrjógun (ICSI)</i>
a)	fyrsta meðferð	kr. 115.000	kr. 138.000
b)	önnur til fjórða meðferð	" 65.000	" 78.000
c)	fimmta meðferð eða fleiri	" 215.000	" 258.000
2.	Par sem á eitt barn saman:		
a)	fyrsta til fjórða meðferð	" 170.000	" 204.000
b)	fimmta meðferð eða fleiri	" 215.000	" 258.000
3.	Par sem á fleiri börn saman:	" 215.000	" 258.000

Inni í þessari greiðslu felst kostnaður vegna nauðsynlegra rannsókna, heimsókna til sérfræðinga á glasafrjógunardeildinni og lyfja, annarra en örvunarlyfja eggjastokka, en um greiðslu þeirra fer samkvæmt reglugerð um greiðslur almannatrygginga í lyfja-kostnaði.

Greiðslur skulu skiptast þannig að í upphafi hverrar meðferðar skal greitt 20% af heildargjaldi. Eftirstöðvar gjalds skal greiða þegar ákveðið hefur verið að framkvæma eggheimtu.

- Uppsetning frystra fósturvísa kr. 35.000.
- Geymsla frystra fósturvísa kr. 9.000 fyrir hvert byrjað geymsluár. Frysting fósturvísa er að öðru leyti innifalin í meðferðargjaldi.
- Tæknisæðing, aðeins ef uppsetning er framkvæmd, kr. 18.000. Fyrir aðrar rannsóknir á glasafrjógunardeild sem ekki tengjast glasafrjógunarmeðferð skal greiða eins og um göngudeildarheimsóknir og rannsóknir sé að ræða.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 36. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 9. apríl 1997.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Guðríður Þorsteinsdóttir.